

Zoledronsýra – lyf við beinþynningu

Zoledronsýra (zoledronic acid) er lyf til meðhöndlunar fólks með beinþynningu sem er í aukinni hættu á beinbrotum. Það tilheyrir flokki lyfja sem kallast bisfosfónöt. Bisfosfónöt draga úr beineyðingu með því að hægja á losun kalks úr beinum.

Útlit og gjöf lyfsins

Zoledronsýra er litlaus vökvi, sem oftast er blandað í saltvatn, og gefinn í æð á 15-30 mínútum. Við komu á deild eru gefnar tvær 500 mg paracetamol töflur fyrir inngjöfina til að minnka líkur á aukaverkunum. Mikilvægt að drekka vel af vökva þennan sólarhring til að fyrirbyggja vökvaskort og vernda nýrun.

Misjafnt er hve oft lyfið er gefið en algengast er að það sé einu sinni á ári.

Staðsetning

Lyfjagjöfin fer fram á göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma á Eiríksgötu 5, á fyrstu hæð.

Aukaverkanir

Algengar aukaverkanir

Lyfjagjöfin hefur yfirleitt ekki miklar aukaverkanir í för með sér en þær algengustu eru:

- Almenn flensueinkenni; hiti, kuldaþrollur, beinverkir, lið- og vöðvaverkir og þreytutilfinning
- Höfuðverkur
- Blóðleysi
- Bólga, þurrkur, þirringur og roði í slímhúð auga og augnhvítu
- Ógleði, uppköst og lystarleysi

Sjaldgæfar aukaverkanir

- Beinskemmd eða beindrep í kjálka. Hafðu strax samband við lækni og tannlækni ef fram koma vandamál tengd munni eða tönnum svo sem lausar tennur, verkir eða bólga í munni, tönnum eða kjálka, öll sár í munni sem ekki gróa, dofi eða þyngslatilfinning í kjálka. Beindrep í kjálka getur komið fram eftir að meðferð er hætt.
- Skert nýrnastarfsemi. Láttu vita ef þú ert með nýrnvandamál áður en byrjað er að nota lyfið og ef einnig ef þú finnur fyrir minnkuðum þvaglátum, bjúg eða lystarleysi eftir að byrjað er að nota lyfið.

Til athugunar

- Hafðu samráð við lækni göngudeildar gigtarsjúkdóma ef þú ert í meðferð hjá tannlækni eða þarft að fara í tannaðgerð (t.d. tanndrátt). Sömuleiðis þarftu að láta tannlækni þinn vita að þú sért að fá meðferð með zoledronsýru.
- Ráðfærðu þig við lækni, hjúkrunarfræðing eða lyfjafræðing ef þú færð hita, beinverki og flensueinkenni varðandi hvaða verkjalyf má taka.

Tímabókanir

Ritari hefur samband við þig til að bóka fyrsta tímann en síðan færð þú bókun í nýjan tíma í lok hvernar lyfjagjafar. Mikilvægt er að láta vita tímanlega ef þú getur ekki nýtt þér tímann sem þér hefur verið gefinn.

Símanúmer og staðsetning

Göngudeild innkirtla- og gigtarsjúkdóma er opin virka daga frá klukkan 08:00 til 15:00.

Skiptiborð Landspítala gefur samband við deildina, sími 543 1000.

Göngudeildin er staðsett á Eiríksgötu 5, 101 Reykjavík.

Gagnlegar upplýsingar og vefsíður

Lyfjaupplýsingar Lyfjastofnunar, sérlyfjaskrá:

<https://www.serlyfjaskra.is/lyf/zoledronic-acid-teva-d6f75289-3d8c-e011-b077-001e4f17a1f7>

Beinvernd – landssamtök áhugafólks um beinþynningu: www.beinvernd.is